

**Nd.**

**413. Breytingartillögur**

[158. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (VH, MG).

1. Við 1. gr. 13., 16. og 17. töluliðir falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 7. gr. Greinin falli niður.
4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Landnámi ríkisins að hafa forgöngu um, að komið verði upp í tilraunaskyni og í samvinnu við búnaðarsamböndin heykögla- og fódurbirgðastöðvum á 3—4 stöðum á Norður- og Austurlandi, og verja til undirbúnings slíkra framkvæmda hluta af því fé, sem Landnámi ríkisins er veitt á fjárlögum fyrir árið 1968, skv. lögum nr. 75 frá 1962.